

VJP - tillaga að breytingu á S&V - veiðar austursvæði Afgreiðsla umsagna				
Nr.	Umsagnaraðili	Umsögn umorðuð/samandregin	Afgreiðsla umsagna	Umsögn. Texti eins og hann kemur fyrir í umsögn (og grænlituð tillaga að endanlegri útfærslu þegar við á skv. tillögu að afgreiðslu).
1	Ní1	Náttúrufræðistofnun Íslands Lagaleg staða sérákvæða um veiðar í VJP hefur verið veik og heppilegra hefði verið að styrkja stoðir þeirra með breytingu á reglugerð um VJP.	Álitið samrýmist áliti í minnisblaði lögræðings VJP. Þar kemur fram að æskilegra væri að sérákvæði um veiðar innan þjóðgarðsins sæki sér lagastoð til villidýralaga (nr. 64/1994). Setning slíkra reglugerða er í höndum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að fenginni tillögu NÍ og UST. VJP mun senda þessum stofnunum erindi vegna áformaðra breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins um veiðar og fela þeim þann hluta málsins til umfjöllunar og afgreiðslu, sbr. 3. mgr. 3. gr. villidýralaga. Í erindinu kemur fram að þjóðgarðurinn muni standa fyrir vöktun á svæðinu næstu þrjú árin með það fyrir augum að niðurstöður undirbyggji umrædda ákvörðun. Varðandi möguleika á að styrkja stoðir sérákvæða í reglugerð um VJP, sjá svar 21.	Náttúrufræðistofnun tekur undir að lagaleg staða sérákvæðisins hafi verið óheppilega veik og heppilegra hefði verið að styrkja stoðir þess í reglugerð um þjóðgarðinn.
2	NÍ2	Náttúrufræðistofnun Íslands Veiðitakmarkanir innan gríðlands VJP eru ekki nauðsynleg forsenda til að stýra stofnstærð hreindýra. Til þess er reglugerð laga nr. 64/1994 besta stjórnækið.	Samrýmist áliti VJP.	Þá getur stofnunin tekið undir álit Náttúrustofu Austurlands (í umsögn þeirra sem gerð var í ferli breytingartillögunnar og vísað er til í meðfylgjandi minnisblaði frá 11. janúar 2022) að veiðitakmarkanir innan gríðlands Vatnajökulsþjóðgarðs séu ekki nauðsynleg forsenda til að stýra stofnstærð hreindýra. Til þess er reglugerð laga nr. 64/1994 vissulega besta stjórnækið.
3	NÍ3	Náttúrufræðistofnun Íslands Markmið með gríðlandinu beinast að fleiri þáttum en veiðistjórnun hreindýrastofnsins, t.a.m. neikvæðra áhrifa hreindýraveiða á uppkomu heiðagæsaunga og fellistöðvar heiðagæsa innan svæðisins. Mjög mikilvægt er að heiðagæsaþópar á þessum slóðum fái einhverja vernd frá slíkri truflun ef að veiðibanni verði aflétt. Það er óháð stöðu heiðagæstafnsins hverju sinni. Hér er um grundvallaratriði er varðar verndun búsvæðis heiðagæsar á viðkvæmum árstíma að ræða. Mikilvægt er að Vatnajökulsþjóðgarður beiti sér og skilgreini aðgerðir til að tryggja þá verndun sem nauðsynleg er, sérstaklega varðandi atriði sem reglugerð laga nr. 64/1994 ávarpar ekki.	VJP hefur átt samtöl við NA varðandi umrætt atriði. Nákvæmari rannsóknir á fellitíma gæsa á svæðinu er hluti af vöktunaráætlun. Þótt heimild þjóðgarðsvarðar til að seinka gæsaveiðitímabili á svæðinu falli út sem slík, verður áfram óskað eftir mati NA á framvindu varpsins og send út tilmæli til veiðimanna. Það mat getur orðið grunnur fyrir takmarkanir á umferð á varpstöðvum og fellisvæðum fyrir upphaf gæsaveiðitímabils, þ.m.t. umferð tengdri hreindýraveiðum, í samræmi við heimildir þjóðgarðsvarðar í Stjórnunar- og verndaráætlun VJP, byggð á 39.gr. reglugerðar um VJP nr. 300/2020.	Markmið með gríðlandinu beinast þó að fleiri þáttum eins og fjallað er um í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar sem og Náttúrustofu Austurlands t.a.m. neikvæð áhrif af hreindýraveiðum á uppkomu heiðagæsaunga og fellistöðvar heiðagæsa innan svæðisins. Mjög mikilvægt er að heiðagæsaþópar á þessum slóðum fái einhverja vernd frá slíkri truflun ef að veiðibanni verði aflétt. Það er óháð stöðu heiðagæstafnsins hverju sinni. Hér er um grundvallaratriði er varðar verndun búsvæðis heiðagæsar á viðkvæmum árstíma að ræða. Mikilvægt er að Vatnajökulsþjóðgarður beiti sér og skilgreini aðgerðir til að tryggja þá verndun sem nauðsynleg er, sérstaklega varðandi atriði sem reglugerð laga nr. 64/1994 ávarpar ekki....
4	NÍ4	Náttúrufræðistofnun Íslands Koma þarf í veg fyrir að aukin umferð vegna veiði valdi óásættanlegu riski á viðkvæmum gróðri. Það að um Ramsar-svæði sé að ræða eykur vægi þessara atriða sem hér eru nefnd.	VJP tekur undir mikilvægi þess að gæta að álági á gróður vegna umferðar. Líkur á mjög aukinni umferð um svæðið í kjölfar breytingarinnar eru ekki taldar miklar. Reglubundin vöktun á svæðinu er til þess gerð að mögulegt sé að gripa til aðgerða um leið ef rask verður vegna veiða eða annarrar umferðar, sjá svar 6.	...Sömuleiðis þarf að koma í veg fyrir að aukin umferð vegna veiði valdi ekki óásættanlegu riski á viðkvæmum gróðri. Það að um Ramsar-svæði sé að ræða eykur vægi þessara atriða sem hér eru nefnd.
5	NÍ5	Náttúrufræðistofnun Íslands Ekki kemur fram í vöktunaráætlun hvernig brugðist verði við ef niðurstöður vöktunar gefa til kynna að þörf sé á mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra áhrifa aukinnar umferðar sökum hreindýraveiði.	Vatnajökulsþjóðgarður er meðvitaður um mikilvægi mótvægisáðgerða, ef þörf krefur líkt og fram kemur í svörum 4 og 6. Þetta atriði hefur ekki verið ávarpað í vöktunaráætluninni sjálfri og verður úr því bætt með skýringum í formála.	Til að bregðast við þessum atriðum er lögð fram til kynningar samhlíða breytingartillögunni vöktunaráætlun. Þar er stefnt að því að vakta á svæðinu m.a. umferð veiðimanna, álag á land vegna umferðar, álag á lykilmætti í náttúrunni, umferð hreindýra á veiðitíma, þéttleika heiðagæsar í varpi og fellitíma, þéttleika rjúpu og mófugla o.fl. Mjög jákvætt er að mati Náttúrufræðistofnunar að stefnt sé að svo yfirgripsmikilli vöktun og nauðsynlegt að bæta þekkingu um svæðið til að undirbyggja aðgerðir og reglur. Ekki kemur þó fram í áætluninni hvernig brugðist verði við ef niðurstöður vöktunar gefa til kynna að þörf sé á mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra áhrifa aukinnar umferðar sökum hreindýraveiði.
6	NÍ6	Náttúrufræðistofnun Íslands Heimild þjóðgarðsvarðar til að stýra umferð um svæði á fellitíma heiðargæsa, og á það sem fyrr við um alla umferð. Það er að mati Náttúrufræðistofnunar lágmarksáðgerð til að koma í veg fyrir mögulega truflun. Sú heimild þarf einnig að geta takmarkað umferð um viðkvæm gróðursvæði, og það getur átt við um umferð gangandi en sérstaklega ökutækja þ.m.t. fjór hjóla.	Í 39. gr. reglugerðar um VJP er til staðar heimild þjóðgarðsvarða til að loka svæðum til verndar náttúru. Heimildin getur náð til tímabundinnar lokunar afmarkaðra svæða, t.d. fyrir umferð vélknúinna ökutækja ef landsvæðið er ekki talið þola umferð. Ef niðurstaða vöktunar gefur til kynna að takmarka þurfi heimildir hreindýraleiðsögumanna til að sækja bráð á sexhjólu innan VJP, undirbyggir slíkt þörf á breytingu á reglugerð um VJP. Yrði það raunin, væri eðlilegt af VJP að leggja til við ráðherra að breytingar yrðu gerðar á reglugerð.	Í stjórnunar- og verndaráætluninni er lagt til að halda inni heimild þjóðgarðsvarðar til að stýra umferð um svæði á fellitíma heiðargæsa, og á það sem fyrr við um alla umferð. Það er að mati Náttúrufræðistofnunar lágmarksáðgerð til að koma í veg fyrir mögulega truflun. Sú heimild þarf einnig að geta takmarkað umferð um viðkvæm gróðursvæði, og það getur átt við um umferð gangandi en sérstaklega ökutækja þ.m.t. fjór hjóla..
7	NÍ7	Náttúrufræðistofnun Íslands Ekki er fjallað um hvort ástæða sé til að setja sérreglur um skotfæri til að draga úr mögulegri hávaðamengun eða efnamengun.	Mati á þörf veiðistjórnunarákvæða vísað til UST og NÍ, á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	...Þá er ekki fjallað um hvort ástæða sé til að setja sérreglur um skotfæri til að draga úr mögulegri hávaðamengun eða efnamengun.
8	NÍ8	Náttúrufræðistofnun Íslands Mjög mikilvægt er að niðurstaða fái stíð í hvernig tryggt verði að breytingar á veiðheimildum á Eyjabökkum og við Snæfell hafi ekki óásættanlega neikvæð áhrif á lífríki svæðisins.	Mati á þörf veiðistjórnunarákvæða vísað til UST og NÍ, á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Að öðru leyti er vísað til svara 4 og 6.	Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er mjög mikilvægt að niðurstaða fái stíð í hvernig tryggt verði að breytingar á veiðheimildum á Eyjabökkum og við Snæfell hafi ekki óásættanlega neikvæð áhrif á lífríki svæðisins.

9	NÍ9	Náttúrufræðistofnun Íslands	Óskað er almennrar umræðu um réttmæti veiða innan Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. dæmi um grunnmarkmið friðlýsingaskilmála fjölda friðlýstra svæða um verndun lífríkis fyrir truflun af athöfnum mannsins og skapa svæðunum með þeim hætti sérstöðu varðandi þau inngrip og truflun sem veiðar teljast.	Móttekið. VJÞ mun þiggja boð um samtal við NÍ um umrætt mál. Svæði innan VJÞ þar sem hefðbundin landnýting er heimil eru skilgreind við friðlýsingu, sbr. reglug. 300/2020. Dæmi eru um strangari verndarflökka innan þjóðgarðsins, m.a. með banni við veiðum og er sú ákvörðun tekin við friðlýsingu, þ.e. með ákvæðum í reglugerð þjóðgarðsins.	Hvort veiðar á hreindýrum og öðrum tegundum eigi að fara fram innan þjóðgarðsins yfir höfuð er síðan stærra atriði sem Náttúrufræðistofnun telur að mætti taka umræðu um við tækifæri. Mörg fordæmi eru fyrir því að veiðar séu óheimilar innan friðlýstra svæða óháð því hvort þær hefðu áhrif á stofna veiðitegunda eða ekki, þar sem tilgangurinn er frekar að uppfylla grunnmarkmið friðlýsinganna um verndun lífríkis fyrir truflun af athöfnum mannsins. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það sannarlega einn megin tilgangur friðlýsinga að skapa svæðum sérstöðu hvað varðar inngrip og truflun fyrir lífríki eins og veiðar eru.
10	NÍ10	Náttúrufræðistofnun Íslands	Tekið undir ólíkar forsendur friðlýsinga, en talið eðlilegt að innan Vatnajökulsþjóðgarðs sé hægt að skilgreina gríðlönd einmitt í þeim tilgangi að vernda lífríki á tilteknum svæðum, óháð því hvort veiðibann hafi áhrif á stofnstærðir í stærra samhengi. Afnáam gríðlandsins metið viss táknaen afturför hvað varðar verndun lífríkis innan þjóðgarðsins ekki síst því svæðið á Eyjabökkum og við Snæfell, er skilgreint sem sérstaklega mikilvægt lífríkissvæði m.a. á alþjóðlega vísu sem Ramsar-svæði.	Ákvörðun um skilmála friðlýsingar og skilgreiningu veiðibannsvæða er tekin af ráðherra við setningu reglugerðar um VJÞ. Bent er á að Eyjabakkar hafa ekki verið innan gríðlands og veiðar á því svæði allt frá upphafi einungis verið takmarkaðar við tíma (sbr. heimild þjóðgarðsvarðar til seinkunar).	Vissulega er munur á tilgangi friðlýsingar eftir því um hvernig friðlýst svæði er að ræða en það er engu síður mjög eðlilegt að innan Vatnajökulsþjóðgarðs sé hægt að skilgreina gríðlönd einmitt í þeim tilgangi að vernda lífríki á tilteknum svæðum, óháð því hvort veiðibann hafi áhrif á stofnstærðir í stærra samhengi. Því má segja að afnáam gríðlandsins sé viss táknaen afturför hvað varðar verndun lífríkis innan þjóðgarðsins ekki síst því svæðið á Eyjabökkum og við Snæfell, er skilgreint sem sérstaklega mikilvægt lífríkissvæði m.a. á alþjóðlega vísu sem Ramsar-svæði.
11	NÍ11	Náttúrufræðistofnun Íslands	Boð um ráðgjöf um málið verði þess óskað.	Móttekið með þökkum.	Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en er reiðubúin að veita frekari ráðgjöf um málið ef þess er óskað.
12	UST 1	Umhverfisstofnun	Engar athugasemdir.	Móttekið.	Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingartillögu á Stjórnunar- og verndaráætlun vegna veiða á Austurlandi.
13	LAN D1	Landgræðslan	Engar athugasemdir.	Móttekið.	Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs varðandi veiðar á austursvæði...
14	LAN D2	Landgræðslan	Boð um ráðgjöf um þá þætti er snúa að verksviði Landgræðslunnar, s.s. jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands.	Móttekið með þökkum.	...en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.
15	FOR	Forsætisráðuneytið	Bent á að ákvörðun um veiðar sé á ábyrgð þjóðgarðsins, að öðru leyti ekki gerðar athugasemdir.	Móttekið.	Ákvörðun um veiðar innan þjóðgarðsins er á ábyrgð þjóðgarðsins að öðru leyti gerir ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins hvað varðar veiðar á austursvæði hans.
16	NA1	Náttúrustofa Austurlands	Athugasemdir við örnefnanotkun Jökulkvíslar og Eyjabakka.	Móttekið. Um er að ræða athugasemdir sem ekki eru til umfjöllunar í breytingartillögu og því vísað til heildarendurskoðunar á Stjórnunar- og verndaráætlun.	Athugasemdir við örnefnanotkun Jökulkvíslar og Eyjabakka.
17	NA2	Náttúrustofa Austurlands	Áréttingar texta um skilgreiningu á burðartíma hreindýra og	Þau atriði sem ávörpuð eru, hafa nú þegar verið lagfærð í texta 3. Stjórnunar- og verndaráætlunar. Þar sem sú útgáfa bíður enn staðfestingar ráðherra, er framlagður texti úr 2.útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar.	Í skilmálum um burðarsvæði hreindýra svo og í kafla um markmiðum varplanda og fellissvæða heiðagæsa eru tiltekna áréttingar.
18	NA3	Náttúrustofa Austurlands	Bent á að Eyjabakkar séu eina skilgreinda alþjóðlega mikilvæga fellissvæði heiðagæsa á Íslandi.	Móttekið. Framlögð breytingatillaga með mótvægisáðgerðum er ekki talin skerða náttúruverndargildi svæðisins.	Í kafla um markmið varplanda og fellissvæða heiðagæsa er tiltekið að Eyjabakkar séu eina skilgreinda þjóðlega mikilvæga fellissvæði heiðagæsa á Íslandi.
19	LAN DV1	Landvernd	Í ljósi minnisblaðsins vakna spurningar um hvers vegna svæðisráð leggur ekki til að ráðast fremur að meintum rötum vandans sem minnisblað gefur tilefni til, í stað þess að leggja fram tillögu á grunni þrýstings frá afmörkuðum hagsmunahópi	VJÞ er skylt að hlusta eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila en kröfur þeirra ráða ekki niðurstöðu mála heldur eru ákvarðanir byggðar á ítarlegri gagnaöflun, faglegu mati og þeim lögum og öðru regluverki. Breytingatillaga um niðurfellingu sérákvæða varðandi veiðar var af hálfu VJÞ metin rökrétt í ljósi þeirra ábendinga sem fram koma í minnisblaði varðandi lagalegan grundvöll sérákvæðanna. VJÞ vann að málinu með nánú samtali við hlutaðeigandi ráðgjafastofnanir (NÍ, UST og NA) svo og hreindýráði, hagsmunasamtökum veiðisamfélags og náttúruverndar, sem hvoru tveggja eiga sæti í svæðisráði. Á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og endurmats á forsendum gríðlands, telur VJÞ, m.a. á grundvelli sjónarmiða um meðalhóf, að eðlilegt sé að afnema sérákvæði um veiðar á svæðinu samhliða mótvægisáðgerðum. Þær felast m.a. í vöktun, samstarfi við útivistarhópa (þ.m.t. veiðimenn) og ferðabjónustuaðila sem nýta svæðið og eftir atvikum tímabundnum lokunum á afmörkuðum svæðum ef þörf krefur. Samhliða vísar VJÞ þeim þætti er snýr að þörf fyrir setningu sérákvæða um veiðar á grundvelli villidýralaga til hlutaðeigandi stofnana. Telji þær stofnanir þörf á setningu slíkra ákvæða má þess vænta að þær geri tillögur um slíkt til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.	...Í ljósi minnisblaðsins vakna hinsvegar spurningar hvers vegna svæðisráð leggur ekki til að ráðast fremur að meintum rötum vandans sem minnisblað gefur tilefni til, í stað þess að leggja fram tillögu á grunni þrýstings frá afmörkuðum hagsmunahópi...

LAN DV2	Landvernd	Tillagan metin til þess fallin að veikja stöðu þjóðgarðsins, ímynd garðsins sjálfs sem og trúverðugleika stjórnsýslu VJÞ.	Móttaki. Vonir standa til þess að staða þjóðgarðs og ímynd efast, með auknu samstarfi við hagsmunaaðila, öflugri vöktun og skýrum aðgerðum og styrkari stöðum regluverks ef á reynir. Við meðferð málsins hefur sérstaklega verið vandað til stjórnsýslu með aðkomu sérfræðinga úr hópi starfsmanna VJÞ og lögð áhersla á að vanda til samráðs og fylgja í einu og öllu þeim lögum og reglum sem um stjórnsýslu þjóðgarðsins gilda. Eitt af markmiðum með vandaðri vinnu í málinu hefur verið að auka trúverðugleika stjórnsýslu VJÞ og þar með ímynd hans.	...Landvernd er þeirrar skoðunar að tillagan eins og sér sé til þess fallin að veikja stöðu þjóðgarðsins, ímynd garðsins sjálfs sem og trúverðugleika stjórnsýslu VJÞ.
LAN DV3	Landvernd	Talið að eðlilegri viðbrögð við minnisblaði lögfræðings VJÞ hefðu verið að breyta reglugerðum til samræmis við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins með það fyrir augum að viðhalda og staðfesta áframhaldandi sérákvæði um veiðibann í gríðlandi.	VJÞ telur að sterkari grundvöllur þurfi til reglugerðarbreytingar en fyrir liggur að svo stöddu (sjá svör 4 og 6). Sjá enn fremur svar 19 og 20. Bent er á að það er á valdsíðri ráðherra að breyta reglugerðum, að fengnum tillögum NÍ, UST og stjórnar VJÞ.	Landvernd álitur að Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs geti ekki verið bundið að fara þá leið sem var valin enda engin dómsúrskurð til þar lagður til grundvallar, miklu fremur segir í tilgreindu minnisblaði að hægt sé að breyta reglum til samræmis við stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð hefi fremur átt að kalla strax eftir þeim breytingum sem minnisblaði lögfræðings gaf tilefni til og samþætta reglugerðir og verndar- og stjórnunaráætlun með það fyrir augum að viðhalda og staðfesta áframhaldandi verndarskilmála innan garðsins með veiðibanni í afmörkuðu gríðlandi heiðagæsa og hreindýra.
LAN DV4		Áhersla lögð á ábyrgð svæðisráðs og stjórnar gagnvart afnámi greiðslands, m.a. gagnvart alþjóðasamningum.	Sjá fyrri svör. Varðandi Ramsar, sjá svar 26.	Spyrja má hvaða framtíðarsýn og ábyrgð ráðgefandi svæðisráðs í austur og stjórn þjóðgarðsins telur sig hafa þegar svo augljóslega er gerð hrein atgala að afmörkuðu gríðlandi þjóðgarðsins, láta afmarkaða sérhagsmunir njóta vafans og veikja verndun afar verðmæts og sérstaks svæði í hjarta í þjóðgarðsins og stefna orðspori Íslands í framfylgd ákvæða í alþjóðlegum samningum í hættu.
LAN DV5	Landvernd	Verði aflétting á umræddu veiðibanni í gríðlandinu að veruleika, verði farið gegn efnislegru, faglegru og vel rökstuddri afstöðu sérfræðinga þeirra stofnanna sem hafa veitt svæðisráði og stjórn þjóðgarðsins umsagnir vegna fyrirbyggjandi tillögu, nægir að vitna þar til meginniðurstaðna í úmsögnum.	VJÞ tekur ekki undir þá túlkun umsagna. Tillagan er að mati VJÞ í samræmi við fyrri umsagnir UST, NA og hreindýraráðs. Í fyrri úmsögn NÍ (nóvember 2021) var það orðað svo að full ástæða væri til að viðhalda gríðlandinu. Við vinnslu málsins hefur niðurstaða orðið á þann veg sem tillaga gerir ráð fyrir, með þeim faglegru rökum sem vitnað er til í öðrum svörum.	Landvernd áréttar ef sú niðurstaða verður að veruleika að samþykkt verði aflétting á umræddu veiðibanni í gríðlandinu þá er verið að fara gegn efnislegru, faglegru og vel rökstuddri afstöðu sérfræðinga þeirra stofnanna sem hafa veitt svæðisráði og stjórn þjóðgarðsins umsagnir vegna fyrirbyggjandi tillögu, nægir að vitna þar til meginniðurstaðna í úmsögnum.
LAN DV6	Landvernd	Vitnað til álits stjórnar FLH um nauðsyn á afléttingu veiðibanns á grunni þess að ekki hafi náðst að uppfylla hreindýrakvóta. Vitnað til umsagnar Náttúrustofu Austurlands og útrá henni metið að gefinn hafi verið út of stór hreindýrakvóti á svæði 2 árið 2021 sem hefur skapað óhóflegt álag.	Tekið skal fram að endurskoðun ákvæða um veiðar kemur til af mörgum ástæðum, sem getið er um í minnisblaði lögfræðings VJÞ. Þá skal og tekið fram að breytingatillaga byggir á fjölbættari rýni og úmsögnum fagaðila, ekki á áliti félagasamtaka eins og gefið er í skyn, sjá svar 19. Sjá einnig svar 23.	Umsögn Náttúrustofu Austurlands. Í ljósi þess að stjórn FLH telja nauðsyn að aflétta veiðibanni í gríðlandi þjóðgarðsins á grunni þess að illa hafi gengið á síðasta veiðitímabili að ná úthlutudóm kvóta þá, segir m.a. eftirfarandi í úmsögn NA. „Á tímabilinu sem gríðlandið hefur verið við lýði 2008 – 2021 hefur 97% kvákvóta náðst á veiðisvæði 2 samanborið við 94% samanlagt á öllum veiðisvæðum. Hvorutveggja verður að teljast gott.“ Með áframhaldandi skirskotun í úmsögn NA þá náðist 93% af kvákvóta 2021 á veiðisvæði 2 en Náttúrustofa Austurlands áréttar einnig í úmsögn að veiðilág hafi verið of mikið á þessu svæði. Allur tarfakvóti á svæði 2 náðist hinsvegar árið 2021. Ekki verður annað lesið úr þessum línunum en að gefin hafi verið út of stór hreindýrakvóti á svæði 2 árið 2021 sem hefur skapað óhóflegt álag.
LAN DV7	Landvernd		Sjá svör 4, 6 og 26.	Umsögn Náttúrufræðistofnunar Gríðlandið. „Náttúrufræðistofnun Íslands telur fulla ástæðu til að viðhalda gríðlandi við Snæfell og á Eyjabökkum.“ „Þá er full ástæða til að setja sérreglur um svæði sem er skilgreint Ramsar-svæði miðað við markmið og kröfur samningsins“
LAN DV8	Landvernd		Ramsar felur í sér vernd búsvæða. VJÞ gerir sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem því fylgir. Slík verndun kemur ekki í veg fyrir nýttjar, sbr. fjölmörg dæmi eru um leyfi til hefðbundinnar landnýtingar, þ.m.t. veiða, á Ramsarsvæðum erlendis en jafnframt hérlendis.	Ramsarsvæði Snæfells- og Eyjabakka Landvernd tekur heiðshugar undir með þeim sérfræðingum og stofnunum sem hafna þeim tillögum sem liggja til grundvallar þeim breytingum sem kynntar hafa verið. Eitt af því mikilvægasta sem gríðlandið við Snæfell og Eyjabakka hefur að geyma er alþjóðlega mikilvægt svæði þ.e. samþykkt Ramsarsvæði (2013) Hér til áréttingar á vef Umhverfisstofnunar https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/snaefells-og-eyjabakkasvaedid/ þar segir m.a. „Svæðin eru auk þess á náttúruminjaskrá og eru skilgreind sem mikilvæg beilíönd heiðagæsa og hreindýra auk þess sem óvenju grösug votlendissvæði með fjölda tjarna er að finna innan þessa einstaka verndar- og gríðasvæðis á sem er talið eitt hið umfangsmesta og um leið fjölbreyttasta votlendissvæði á hálendi Íslands. Á svæðinu hafa sést yfir 30 tegunda fugla og af þeim verpur 21 tegund. Svæðið er að mati sérfræðinga metið mjög mikilvægt fellissvæði heiðagæsa en það styðja rannsóknir síðan 1979, auk þess verpur heiðagæsin innan svæðisins. Þá hefur sérstaða Ramsarsvæðisins-gríðlandsins mikinn fjölda ólíkra jurta að geyma en þar hafa verið greindar samtals 319 tegundir plantna.“
LAN DV9	Landvernd		Í úmsögn NA kemur fram að líklega sé stærsta ógn fyrir gróður á gríðlandinu eins og er, ofbeif af völdum heiðagæsa. Í úmsögn hreindýraráðs er vakin athygli á skorti á mati á áhrifum hreindýra á gróðurinn innan gríðlands, en grunnögn vegna áhrifa af beitarálagi hreindýra eru ekki til staðar.	Landvernd hefur einnig aflað sér upplýsinga hjá sjálfstæðum sérfræðingum sem hafa haldgöða þekkingu á svæðinu sem telja að engin merki séu um að ágangur hvorki hreindýra né heiðagæsa hafi valdið skaða eða landskemmdum innan gríðlandsins sem telja má að rýri þau gæði sem vilji er til að vernda áfram sem áður. Að sama skapi og að mati sömu aðila er fráleitt í þeirra huga að afnema vernd í gríðlandinu og leyfa skotveiðar á grunni þess að hinir villtu dýrastofnar hreindýr og heiðagæsir séu völd af skemmdum sem beri að hafa áhyggjur af og hvað þá að álag og aukin ásókn í hreindýraveiði sé réttlætlanleg og lögð til grundvallar sem þrýstingur á afnámi veiðibanns á svæðinu.
LAN DV10	Landvernd		Forsendur breytingatillögu eru fjölbættar, sjá minnisblaði lögfræðings VJÞ.	... Það að upp komi tilvik að ekki náist að veiða upp í kvóta vegna sífellt meiri ágengni mannskepunnar inn á þessu svæði er því miklu frekar til marks ágengni mannskepunnar en dýranna sjálfra. Dýrin leita eðli máls ef ágangur er mikill þangað sem skjól er að finna sem ásáelnir veiðimenn vilja nú sækja að með óhóflegum þrýstingi á svæðisráð. ...
LAN DV11	Landvernd		Fyrir liggur að með bættum samgöngum í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar stórkjóst umferð á Snæfellsöræfum. Það voru þó ekki forsendur afmörkunar gríðlands á þeim tíma, líkt og fram kemur í minnisblaði þjóðgarðsvarðar.	...Þeim sem til þekkja á svæðinu er kunnugt að áhrifa Kárahnjúkavirkjunar gæti verulega með tilheyrandi tjóni á búsvæðum hreindýra og heiðagæsa auk vegalagninga og annarra virkjana sbr. Hraunsvæði. Umferð vélkúinna ökutækja hefur því stóraukist inn á hálendur Austurlands og ekki síst í nágrenni við Snæfell. ...
LAN DV12	Landvernd		Ákvörðun hreindýrakvóta er á byrgð ráðherra að fengnum tillögum UST. Sjá að öðru leyti svör 28 og 29.	Vegna þessa ágangs og mannvirkjagerðar hafa gríðlendar hreindýra og heiðagæsa stórlega minnkað og dýrin fært sig til í samræmi við ágang. Einmitt í ljósi þessara staðreynda hefur aldrei verið mikilvægara en nú að viðhalda hinu afmarkaða gríðasvæði með skotveiðibanni. Það ætti fremur að vera umhugsunarefni fyrir þá sem gefa út hreindýrakvóta hvort ekki sé frekar við hæfi að draga úr fjölda útgefna leyfa á svæði 2 í stað þess að opna fyrir mjög takmarkað gríðasvæði svo hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn þeirra fái án takmörkunar uppfyllt sínar trústu óskir innan þjóðgarðsins.

LAN DV1 31 3	Landvernd	Framlögð tillaga snýst um að veikja vernd viðkvæms og einstaks svæðis, svæði sem einnig er skráð sem alþjóðlegt mikilvægt búsvæði. Það er óskiljanleg ákvörðun að stjórn VJÞ skuli auglýsa tillögu um að fella skuli út þær litlu takmarkanir sem eru til staðar til að verja umrætt gríðland á svæðinu. Teljast verði fáheyrt að teknir séu svo einhliða hagsmunir afmarkaðs hóps fram yfir hagsmuni allra annarra sem nýta þjóðgarðinn og verndarhagsmuni hans sjálf.	Sjá svar 19. Hvað varðar ásókn á svæðið í kjölfar breytingarinnar, er óformlegt mat að umfang veiða á svæðinu sé fremur ólíklegt til að verða mikið.	Til áréttingar fyrir ráðgefandi stjórn svæðisráðs er viðeigandi að vitna í 2. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð þar segir eftirfarandi. <Markmið verndunar > Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynna og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins. Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og fríðlyst svæði. <> Með skírskotun til framangreinds lagaákvæðis um þjóðgarðinn er stjórn Landverndar undrandi, svo ekki sé sterkara til orða tekið, að fram sé komin tillaga um að veikja vernd viðkvæms og einstaks svæðis, svæði sem einnig er skráð sem alþjóðlegt mikilvægt búsvæði Það að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skuli auglýsa slíka breytingartillögu, að fella skuli út þær litlu takmarkanir sem eru til staðar til að verja umrætt gríðland á svæðinu, er að mati Landverndar með öllu óskiljanleg ákvörðun. Það hlýtur einnig að teljast fáheyrt teknir séu svo einhliða hagsmunir afmarkaðs hóps fram yfir hagsmuni allra annarra sem njóta og nýta þjóðgarðinn, og fyrst og síðast fram yfir verndarhagsmuni þjóðgarðsins sjálf. Það er nokkuð ljóst að ásókn hreindýraveiðimanna mun að óbreyttu stórukaust ef þessi gjörningur þess yrdi staðfestur.
LAN DV1 32 4	Landvernd	Tilvitnun í lögformlegt hlutverk svæðisráða er varðar gerð tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun en lítið svo á að framlögð tillaga feli í sér afnám verndar heldur en að leyfa náttúruverndar- og gríðarsvæðum að njóta vafans.	Vitnað er til fjölþættra markmiða VJÞ sbr. svar 37. Framlagning breytingartillögu og fyrirætlunar um fjölþætta aðgerðir samhliða henni (vöktun, samráð og möguleg frekari reglusetning) eru metnar eðlileg niðurstaða miðað við þær forsendur að í reglugerð um VJÞ er hefðbundin landnýting á svæðinu heimil.	Hlutverk svæðisráða í 8. gr laga um Vatnajökulsþjóðgarð segir orðrétt í lið 2. „Að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.“ [Innskot: Að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.] Nú virðist ráðgefandi svæðisráð líta svo á að hlutverk þess sé meira að afnema vernd heldur en að sinna skyldum sínum og leyfa náttúru- og gríðarsvæðum að njóta vafans.
LAN DV1 33 5	Landvernd		Það er mat VJÞ að við afnám sérákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins um veiðar á austursvæði sé unnt uppfylla lögbundin markmið VJÞ með þeim mótvægisáðgerðum sem þjóðgarðurinn áformar að grípa til og að náttúru svæðisins stafi ekki hættu af. Telur þjóðgarðurinn að ákvörðunin samræmist varúðarreglu náttúruverndarlaga miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu en þjóðgarðurinn vonast jafnframt til að geta undirbyggt ákvarðanir til framtíðar enn betur með þeim upplýsingum sem áformað er að afla samkvæmt vöktunaráætlun. Telur þjóðgarðurinn að með þeirri leið sem lögð er til séu jafnframt uppfylltar lögbundnar kröfur um meðalhóf og málefnaleg sjónarmið.	Hér er meginregla náttúruverndar sniðgengin og varúðarreglan í þágu lífríkis og náttúru fyrir borð borin í fyrirbyggjandi tillögu svæðisráðs með afnámi verndar á einstöku gríðlandi sem hefur mikið alþjóðlegt verndargildi.
LAN DV1 34 6	Landvernd		Sjá fyrri svör (t.d. 23, 27, 19, 24, 33).	Engin rökstuðningur er til staðar byggður á rannsóknum sem styðja réttlætingu afnáms veiðibanns. Rökstuðningur er hinsvegar að finna staðfestingar sjá úmsögn Náttúrufræðistofnunar með skírskotun til viðbótar öðru því sem komið hefur verið inn á í þessari úmsögn.
LAN DV1 35 7	Landvernd		Undanþáguheimildir hreindýraleiðsögumanna til að sækja bráð á sexhjól eru skilyrtar því að ekki hljóti náttúruspjöll af. Sjá annars svar 4 og 6.	Vistfræðilegt þol svæðisins <> „Gróðurfar og lífríki svæðisins innan gríðlandsins er viðkvæmt fyrir marg skonar umferð og landnýtingu.“ „Með auknu aðgengi að svæðinu er mögulegt að ásókn í það aukist m.a. af óæskilegum fararmátum sem getur fylgt hávaði, rask á gróðurþekju og truflun fyrir dýralíf á viðkvæmum tímum.“ Spyrja má á grunni þessa hvað þarf náttúran að hafa meira til að bera til að fá að njóta vafans en þær staðreyndir sem hér eru lagðar til grundvallar af fagstofnun og byggðar vísindalegum grunni. ?
LAN DV1 36 8	Landvernd		VJÞ hefur í starfi sínu lagt aukna áherslu á samráð og samvinnu, með þá trú að það gagnist málstaðnum betur en bönn til að beisla undantekningarnartillifelli um slæma umgengni. Öllum þeim sem fá úthlutað leyfi til hreindýraveiða er skylt að vera í fylgd hreindýraleiðsögumanns sem hefur tilskilin réttindi útgefin af UST. Hlutverk leiðsögumanna er m.a. að sjá til þess að leiðsögumaður fari rétt að við veiðarnar og að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Í ljósi þessa er eðlilegt að gott samráð sé milli VJÞ og leiðsögumanna, sem hafa slíkum lögbundnum skyldum að gegna.	Um áætlanir um samráð og vöktun <> Um áform og lauslegar hugmyndir sem sett eru fram í kynningargögnum um samráð, vöktun og annað það sem á að vera til þess fallið að fegra og réttlæta framlagða breytingartillögu er ekki til þess fallið að auka á trúverðuleika breytingartillögunnar. Viljayfirlýsing samtala / samráð við hópinn sem þrýstir á um þessa breytingu er alls ekki til þess fallið að styrkja þá breytingartillögu sem nú er í kynningu og umsagnarferli um afnám veiðibanns. Núverndi verndarákvæði er í fullu samræmi við ákvæði um hefðbundar nýttar þar sem sagan sýnir að almennt er hægt að fella svo að segja öll þau dýr sem heimilað er. Breytingin sem lögð er til mun breyta samskiptum manns og náttúru á svæðinu, náttúrunni í óhag. Það má ekki gerast í þjóðgarði.
LAN DV1 37 9	Landvernd	[Vitnað um fjölþætta möguleikar til útivistar í nágrenni Snæfells.] Skotveiðar og ferðamennska á sama svæði á sama tíma fara illa saman. Draga má stórlega í efa að upplifun gesta og gangandi um lítt snortin viðerni þar sem veiði er stunduð á villtum dýrum geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir imynd og orðspor þjóðgarðsins. Ekki ætti að þurfa að áréttta þann imyndarskaða sem þjóðgarðinum stafar af slíku samspili.	Með breytingartillögunni er unnið á grundvelli markmiða VJÞ sbr. 2. gr. laga 60/2007 og endurspeglast í samspili verndunar, aðgengis ólíkra útivistarhópa, rannsókna og fræðslu, atvinnustarfsemi og sjálfbærar nýtingar. Meðvitund VJÞ er um mögulega skörun á hagsmunum ólíkra útivistarhópa. Líkt og fram kemur í minnisblaði þjóðgarðsvarðar, gefa rannsóknir á gestafjölda við Snæfell til kynna að þegar líða tekur á águðstánuð og ferðamönnum sem stunda veiðar fjölgar er ásókn ferðamanna sem sækja aðra útivist en veiðar orðin minni. Þess má geta að fækkun gesta þegar líða tekur á águðstánuð í Snæfelli samræmist gestatölum á öðrum hálandissvæðum í VJÞ (og raunar víðar) þar sem veiðar eru ekki stundaðar. Þrátt fyrir þessa meðvitund, er hluti mótvægisáðgerða fólgin í aukinni fræðslu VJÞ til ferðafólks um veiðar með ábyrgum hætti og margháttaða umhverfisþætti að leiðarljósi. Ennfremur er með viljayfirlýsingu við FLH hvatning til veiðimanna um að víkja, í þeim tilfellum sem það kann að koma upp að þessir hagsmunahópar séu á sama tíma á sama svæði. Vegna fælingaráhrifa, sækjast veiðimenn almennt ekki eftir því að stunda veiðar í nálægð við ferðamenn.	Afþreying í nágrenni Snæfells í upplýsingum á vef þjóðgarðsins má lesa eftirfarandi. „Fjöldi stikaðra og óstikaðra gönguleiða er við Snæfell og á Snæfellsöræfum. Inn við jökul má finna gestagötuna „ í faðmi jökla“ Nokkrir ferðabjónustuaðilar bjóða upp á ferðir bæði sumar og vetur á svæðinu.“ „Norðan Snæfells eru Nálhúshnjúkar og sunnan þess eru Þjófahnúkar, en þaðan er gott útsýni yfir Eyjabakkasvæðið; sléttlendi alsett flæðimýrum og mikilvægt bæði hreindýrum og heiðargæsum. Skemmtileg gönguleið liggur frá Snæfelli yfir Eyjabakkajökul að skála við Geldingafell og þaðan suður Lónsöræfi“ Vart þarf að skýra það út fyrir staðkunnugu svæðisráði að skotveiðar og ferðamennska á sama svæði á sama tíma fara illa saman. Draga má stórlega í efa að upplifun gesta og gangandi um lítt snortin viðerni þar sem veiði er stunduð á villtum dýrum geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir imynd og orðspor þjóðgarðsins. Ekki ætti að þurfa að áréttta þann imyndarskaða sem þjóðgarðinum stafar af slíku samspili.

38	LAN DV2 0	Landvernd	Þess óskað af einlægni og trú að Svæðisráð og stjórn VJP taki málið alvarlega og láti ekki undan óeðlilegum þrýstingi í málinu, sem gengur gegn þeim meginmarkmiðum sem lögð voru til grundvallar stofnunar VJP.	Móttækioð.	Að lokum Landvernd óskar þess af einlægni og trúir að Svæðisráð og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs taki þetta mál alvarlega og láti ekki undan óeðlilegum þrýstingi í þessu máli sem gengur gegn þeim meginmarkmiðum sem lögð voru til grundvallar stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs.
39		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Tilfærni breytingatillögu er erindi frá FLH, á forsendum þess að ekki hafi náðst að uppfylla veiðikvóta sumarið 2021 og í ljós komu ágallar á lögformlegri stöðu gríðlandsins og ósamræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.	VJP áréttar að skoðun á lagalegum grundvelli umræddra ákvæða var hafin af hálfu sérfræðinga þjóðgarðsins áður en erindi FLH barst og áður en hreindýraveiðar hófust árið 2021. Erindi FLH varð hins vegar tilfærni þess að aflag var gagna frá fagstofnunum og ítarleg lögfræðileg athugun gerð á lagagrundvelli. Leiddi sú athugun til þess að svæðisráð hóf vinnu við breytingu á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.	Tilfærni þessarar breytingatillögu er erindi frá Félaga hreindýraleiðsögumanna [innskot: hér eftir skammstafað FLH] þar sem þess var farið á leit að hreindýraveiði yrði heimil innan friðlands við Snæfell. Rökkin voru að sumarið 2021 náðist ekki að fella nægjanlega mörg dýr svo uppfylla mætti veiðikvóta en einhver fjöldi dýra hafði safnast á svæði friðlandsins. Við athugun málsins komu í ljós ágallar á lögformlegri stöðu friðlandsins og að ósamræmi væri í stjórnunar- og verndaráætlun.
40		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Framlögð breytingatillaga gangi langt lengra en ætla mátti af samráðsfundi NAUST og VJP í janúar. Afstaða til erindis FLH hafi vegið þyngra en ætlað var. Efast er um réttmæti framlagðrar tillögu.	VJP telur að mótvægisáðgerðir sem ætluð eru að grípa til samhliða breytingunni séu þess eðlis að náttúrufræði á svæðinu stafi ekki hætta af breytingunni. Heimildir eru hjá þjóðgarðinum að grípa til staðbundinna áðgerða ef aðstæður krefjast tímabundið, sbr. svar 6. VJP er skylt að hlusta eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila en kröfur þeirra ráða ekki niðurstöðu mála heldur er ákvörðunin byggð á ítarlegri gagnaöflun, faglegu mati og þeim lögum og reglum sem um viðfangsefnið gilda.	Á samráðsfundi sem fulltrúum NAUST var boðið að sitja var áhersla lögð á mikilvægi þess að samræma það regluverk sem um friðlandið gildir, ekki síst í þeim tilgangi að skýra valdheimildir. Að auki var töluvert fjallað um mikilvægi rannsókna og eftirlits með ástandi lífríkis. Það var skilningur fulltrúa NAUST að afloknum fundi að nú færi í hönd vinna við að taka á þessum þáttum og að afstaða til erindis Félags hreindýraveiðanna væri léttvægur hluti af því ferli. <> Það kom fulltrúum NAUST því í opna skjöldu og olli miklum vonbrigðum að tillögur þær sem nú liggja frammi ganga langt lengra en ætla mátti. Og langtum lengra en þörf er á. Í kjölfarið sér NAUST ástæðu til þess að efast um réttmæti þeirrar tillögu sem nú liggur frammi og byggir þá afstöðu á stjórnýslulegum- og vísindalegum forsendum sem nánar verður greint frá í eftirfarandi umsögn.
41		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Fríðlýsing er stjórnýsluákvörðun, samþykkt af Alþingi. Breytingar á slíki ákvörðun skulu gerðar af brýnni nauðsyn og þá af gætni. Í því tilfalli sem nú er uppi kemur breytingartillagan til vegna óska hagsmunaaðila en ekki af staðfestum stjórnýslu- og náttúruvísindalegum ástæðum. Verði breytingartillagan sem nú liggur fyrir samþykkt má fullyrða að fríðlýsing sem stjórnýsluáðgerð missi vægi sitt og nokkurn tilgang enda er slík þjónkun stjórnýslu við þróngan hagsmunahóp fordæmi sem notað verður við hagsmunagæslu síðar meir.	VJP er fríðlýstur með reglugerð af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Fríðlýsingarskilmálar koma fram í reglugerðinni. Ekki er því um að ræða breytingu á skilmálum fríðlýsingarinnar heldur breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar. Áréttað skal að samkvæmt reglugerð þjóðgarðsins og þar með fríðlýsingarskilmálum er hefðbundin landnýting (þ.m.t. veiðar) heimil á þessu svæði. Sjá svör 39 o.fl.	Fríðlýsing er stjórnýsluákvörðun, samþykkt af Alþingi. Breytingar á slíki ákvörðun skulu gerðar af brýnni nauðsyn og þá af gætni. Í því tilfalli sem nú er uppi kemur breytingartillagan til vegna óska hagsmunaaðila en ekki af staðfestum stjórnýslu- og náttúruvísindalegum ástæðum. Verði breytingartillagan sem nú liggur fyrir samþykkt má fullyrða að fríðlýsing sem stjórnýsluáðgerð missi vægi sitt og nokkurn tilgang enda er slík þjónkun stjórnýslu við þróngan hagsmunahóp fordæmi sem notað verður við hagsmunagæslu síðar meir.
42		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Tilurð gríðlands og þær takmarkanir sem það felur í sér, byggðu á verndun gróðurs og annars lífríkis. Það skuli ítrekað og áréttað að staðfest rökkin lífríkis innan svæðisins væri eina réttmæta forsenda eðlisbreytingar gríðlands eða afnáms friðunar, ef til kæmi.	Umsögn óljós.	Fríðlandið [innskot: ætla má að átt sé við "gríðlandið"], ásamt takmörkunum sem það felur í sér, var stofnsett til að vernda gróður og annað lífríki fyrir ágangi og rökkin. Það telur NAUST nauðsynlegt að ítreka, og áréttar að staðfest rökkin lífríkisins innan svæðisins sé eina réttmæta forsenda eðlisbreytingar fríðlýsingar eða afnáms friðunar, ef til kemur.
43		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Vitnað til 42.gr. minnisblaðs sem kveður á um ósamræmi ákvæða Stjórnunar- og verndaráætlunar VJP við 26.gr. reglugerðar um VJP (300/2020) og hugmynd um slíka endurskoðun studd.	Fyrirliggjandi breytingatillaga á veiðiákvæðum Stjórnunar- og verndaráætlunar VJP byggir á umræddri 42. grein minnisblaðs.	Í minnisblaði lögmans Vatnajökulspjóðgarðs (dags. 11.01.2022) kemur fram að lögformleg staða friðlandsins [innskot: ætla má að átt sé við "gríðlandsins"] er óljós. Ósamræmi er í stjórnunar- og verndaráætlun VJP og 26. gr. reglugerðar um VJP. Á þessu er þörf að taka líkt og bent er á í 42. gr. minnisblaðsins og styður NAUST að slík endurskoðun fari fram enda um að ræða fullgilda stjórnýslulega ástæðu fyrir henni.
44		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Vöktun og rannsóknir fari fram af þar til bærum einstaklingum fyrir hönd viðeigandi stofnana, með viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Mikilvægt talið að vaktanir/rannsóknir hefjist hið fyrsta, svo safna megi samanburðarhæfum gögnum. Bent á mikilvægi grunnagna, fyrir inngrip, til að tryggja marktækni gagna.	Vöktunaráætlun var unnin í samráði við Náttúrustofu Austurlands, sem færustu vísindamenn varðandi fagþekkingu fuglastofna og villtra spendýra á svæðinu. Að sama skapi er um að ræða færustu sérfræðinga í málefnum hreindýrastofnsins á Íslandi. Ennfremur var kallað eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Meðvitund er um mikilvægi fagmennsku við framkvæmd vöktunar og verður því framkvæmd í samstarfi í við áður nefnda fagaðila (NA, NÍ og UST). Viðmið verða fyrirliggjandi grunnög, sem hefur verið safnað af NA og NÍ. Meðvitund er um mikilvægi vöktunar frá upphafi og er hún hafin nú þegar.	Fyrirætlanir um vöktun og rannsóknir á lífríki svæðisins eru, að mati NAUST, æskileg breyting á verndaráætluninni enda byggð á vísindalegum forsendum.[Merking óljós] Í því samhengi telur NAUST mikilvægt að ítreka að slíkar vaktanir og rannsóknir fari fram af þar til hæfum og menntuðum einstaklingum fyrir hönd viðeigandi stofnana. Ekki síður að þær vaktanir og rannsóknir fari fram með viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Nauðsynlegt er að hefja slíkar vaktanir/rannsóknir hið fyrsta svo safna megi samanburðarhæfum gögnum. Vísindaleg aðferð krefst þess að gögnum sé safnað fyrir og eftir inngrip, að öðrum kosti verður um marklitar upplýsingar að ræða sem ekki væri hægt að byggja á. Ef breytingar á veiðiheimum ganga í gegn áður en mögulegt er að greina núverandi stöðu lífríkis er komið í veg fyrir að vöktun/rannsóknir gefi marktækar niðurstöður.
45		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Afnám gríðlands gagnrýnt og heppilegri leið talin sveigjanleiki [/undanþága] í þeim tilfallum sem ekki næst að uppfylla veiðikvóta.	Áréttað er að samkvæmt reglugerð þjóðgarðsins og þar með fríðlýsingarskilmálum er hefðbundin landnýting (þ.m.t. veiðar) heimil á þessu svæði. Vald til að setja sérákvæði um veiðar á umræddu svæði er í höndum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að fenginni tillögu UST og NÍ. Ekki er útilokað að öflun gagna um svæðið á næstu árum leiði til þess að talin verði þörf á setningu slíkra ákvæða.	Þau álit sem stofnanir hafa unnið vegna málsins sýna ekki fram á að uppi séu náttúrufræðisástæður sem krefjast breytinga á núverandi veiðiákvæðum. Af þeim upplýsingum sem fram koma í áliti Náttúrustofu Austurlands um staðsetningu og fjölda veiddra dýra hin allra síðustu ár má ætla að um eðlilegar ársveiflur sé að ræða. Því er varasamt að líta svo á að fjöldi hreindýra innan svæðisins og óuppfylltur veiðikvóti sé vandamál. Ekki virðast heldur rök fyrir því að breytt veiðiákvæði séu eða yrðu síðar heppilegasta lausnin á slíkum vanda ef til hans kemur aftur. Athygli skal vakin á því að aðrar, heppilegri lausnir geta hæglega komið til og orðið mikilvirkari sem tímabundið eða ótímabundið viðbragð við tilfallandi aðstæðum.
46		NAUST-Náttúruverndarsamtök Austurlands	Afnám gríðlands gagnrýnt og heppilegri leið talin sveigjanleiki [/undanþága] í þeim tilfallum sem ekki næst að uppfylla veiðikvóta.	Sjá svar 45.	Ef málefni friðlandsins [innskot: ætla má að átt sé við "gríðlandsins"] við Snæfell verða endurskoðuð tekur NAUST undir orð formanns Hreindýraráðs, sem segir í áliti sínu (dags. 30.11.2021): „Ef niðurstaða stjórnvalda verður að viðhalda veiðigríðlandi innan Vatnajökulspjóðgarðs óbreyttri eða breyttri mynd, þá leggur hreindýraráð til að ákveðinn sveigjanleiki verði til staðar sem gerir mögulegt að bregðast við óvenjulegum aðstæðum þegar mikill fjöldi hreindýra heldur til innan gríðlands.“ Á hinn bóginn er aflieting veiðibanns, að mati NAUST, ekki leið sem hentar til þess að bregðast við óvenjulegum aðstæðum.

47	NAUST- Náttúruverndarsamtök Austurlands	Efasemdir um að þeir hagsmunir sem leitt hafa undirbúning tillögunnar og náttúruverndarsjónarmið fari að öllu leyti saman. Bent á að Félag hreindýra(veiði)/leiðsögu)mannanna geti ekki talist óháður aðili þar sem fulltrúar þess eru í beinu viðskiptasambandi við hagsmunaaðila, þ.e. ýmis samtök skotveiðimanna. Sá fjöldi fulltrúa sem þessir aðilar hafa innan þeirra eininga sem að tillögunni koma vekur upp spurningu um hvort hættu sé á stjórnsýslulegri yfirtöku (e. <i>Regulatory Capture</i>) og/eða hvort slík yfirtaka hafi í raun orðið. Hvort slíkur misbrestur hafi hamlað réttir og eðlilegri afgreiðslu þessa máls er vert að skoða sem og hvort siðareglum Vatnajökulspjóðgarðs hafi verið fylgt eftir.	Öllum þeim sem fá úthlutað leyfi til hreindýraveiða er skylt að vera í fylgd hreindýraleiðsögumans sem hefur tilskilin réttindi útgefin af UST. Hlutverk leiðsögumanna er m.a. að sjá til þess að leiðsögumaður fari rétt að við veiðarnar og að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Í ljósi þessa er eðlilegt að gott samráð sé milli VJÞ og leiðsögumanna, sem hafa slíkum lögbundnum skyldum að gegna. Eftirlitshlutverk hreindýraleiðsögumanna leiðir ekki endilega til vanhæfis þeirra við meðferð mála er varða veiðar. Hins vegar var þess gætt að hreindýraleiðsögumenn í svæðisráði vikju sæti við afgreiðslu svæðisráðs á erindi Félags hreindýraleiðsögumanna. Í málinu var gætt sérstaklega að stjórnsýslureglum um hæfi og naut svæðisráð sérfræðiaðstoðar starfsmanna þjóðgarðsins við meðferð málsins og gagnaöflun. Samtök útivistarfélaga tilnefna lögum samkvæmt fulltrúa í svæðisráð þjóðgarðsins en hlutverk svæðisráðs er að gera tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins ber ábyrgð á stjórnsýslulegri afgreiðslu tillögunnar og þar eiga viðkomandi hagsmunasamtök ekki atkvæðisrétt.	NAUST lýsir efasemdum um að þeir hagsmunir sem leitt hafa undirbúning tillögunnar og náttúruverndarsjónarmið fari að öllu leyti saman. Bendir jafnframt á að Félag hreindýraveiðimanna getur ekki talist óháður aðili þar sem fulltrúar þess eru í beinu viðskiptasambandi við hagsmunaaðila, þ.e. ýmis samtök skotveiðimanna. Sá fjöldi fulltrúa sem þessir aðilar hafa innan þeirra eininga sem að tillögunni koma vekur upp spurningu um hvort hættu sé á stjórnsýslulegri yfirtöku (sjá enska hugtakið <i>Regulatory Capture</i>) og/eða hvort slík yfirtaka hafi í raun orðið. Hvort slíkur misbrestur hafi hamlað réttir og eðlilegri afgreiðslu þessa máls er vert að skoða sem og hvort siðareglum Vatnajökulspjóðgarðs hafi verið fylgt eftir.	
48	NAUST- Náttúruverndarsamtök Austurlands	Brýnt er að tímabær uppstokkun á skipun svæðisráðs fari fram og við endurskipun verði fagleg þekking, hæfni og óháði höfð að leiðarljósi.	Sjá svar 39 og 47.	NAUST telur brýnt að tímabær uppstokkun á skipun svæðisráðs fari fram og við endurskipun verði fagleg þekking, hæfni og óháði höfð að leiðarljósi.	
49	SV1	Skotvís	Því fagnað að ábendingu félagsins um skort lagaheimilda hafi verið tekin til efnislegrar meðferðar.	SKOTVÍS fagnar því að ábendingu félagsins um að lagaheimildir skorti til að skerða veiðar á umgreindu svæði hafi verið tekin til efnislegrar meðferðar.	
50	SV2	Skotvís	Áhersla lög á að að málið verði frágingið fyrir hreindýraveiðitímann í sumar.	Félagið leggur áherslu á að málið verði frágingið fyrir hreindýraveiðitímann í sumar.	
51	SV3	Skotvís	Boð um frekara samstarf og álitsgjöf um allt það sem viðkemur veiðum.	Félagið mun áfram starfa með þjóðgarðinum og veita sérfræðiálit um allt það sem viðkemur veiðum.	
52	AS2	Andrés Skúlason	Miður þykir að enginn af aðalfulltrúum í svæðisráði skuli hafa verið viðstaddir kynningarfund um breytingatillöguna, en tveir varamenn sem þar mættu hafi verið óndverðrar skoðunar um framlagða tillögu.	Hér er bæði stórt og umdeilt mál á ferðinni þar sem afdrifaríkar og óafturkræfar afleiðingar geta fylgt gjörðum gangi áform um breytingar eftir. Það er því tæpast hægt að láta hjá líða í þessu sambandi að velja upp áleitinni spurningu í svo stóru máli, af hverju engin af aðalfulltrúum sem standa að tillöguþreyingu hafi ekki séð sér fært að sitja fundinn. Undirrituðum er þó kunnugt um að amk einn aðalfulltrúi átti ekki heimangengt. Spyrja má hvaða lágmarkskröfur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs telji að skuli liggja til grundvallar um meðferð slíkra mála og hvernig aðkomu svæðisráðs skuli háttað í samráðs og kynningarferli. Hér liggur því fyrir að engin af aðalfulltrúum svæðisráðs sem ber ábyrgð vegna tillögu á breytingum ákvörðunartöku í málinu var viðstaddur kynningu málsins og það þykir undirrituðum sannarlega miður. Starfsmenn þjóðgarðsins hövttu hinsvegar sérstaklega með áminningu í tölvubréfi hvorutveggja aðalfulltrúa og einnig varamenn til að vera viðstaddir fundinn. Reyndin varð að tveir varam. mættu sem voru óndverðrar skoðunar um þá tillögu sem kynnt var á fundinum. Kannski segir þetta meira en um margt á hvað veikum grunni þessi tillaga er byggð.	
53	AS3	Andrés Skúlason	Hvers vegna var ekki haldinn sameiginlegur fundur með hagsmunaaðilum og þeir valdir með breiðari skýrskotun, en yfirgnæfandi hluti þeirra sem kallaðir voru til fundar um málefnið voru félagar í skotveiðigeiranum (FLH+Skotvís+SKAUS+fulltrúi útivistarsamtaka sem virðist órjúfanlegur hluti af skotveiðigeiranum). Til mótvægis var sérstakur fundur með fulltrúa NAUST ásamt varafulltrúa umhverfis í svæðisráði. Náttúruverndin einvörðungu með einni málsvara/félagasamtaka við borð hagsmunasamtaka. Ekki hægt að tala um viðtækt samráð innan svæðis, þegar ferðabjónustuaðilar og aðrir hagsmunaaðilar voru ekki við borðið.	Markmiðið var að fá álit veiðigeira og fagálit náttúruverndargeirans, en treyst á þekkingu starfsmanna og áðurnefnd óformleg samtökum varðandi útivist og ferðamennsku, sbr. minnisblað þjóðgarðsvarðar. Lítið er svo á að fagstofnanir á sviði náttúrufræða séu auk náttúruverndarsamtaka málsvarar náttúruverndar. Svæðisráð er skipað af ráðherra, að undangengnum tilnefningum en í umræddu tilfelli er fulltrúi útivistarsamtaka skotveiðimaður. Samráð var haft við þá ferðabjónustuaðila sem undanfarir hafa verið með ferðabjónustu á svæðinu, í óformlegum samtölum. Fulltrúar ferðamálasamtaka í svæðisráði boðuðu sbr. fundargerð báðir forfall á umræddum fundi.	[Vitnað til fundargerðar svæðisráðsfundar 3.febrúar 2022, 1. dagskrárliðar. Í framhaldi tilvitunar:] Óhjákvæmilegt er að velja upp í jafn stóru máli hvers vegna í fyrsta lagi hafi ekki verið haldinn sameiginlegur fundur með hagsmunaaðilum og þá ekki síður hverju það hefur sætt að ekki fleiri hagsmunaaðilar með breiðari skýrskotun og hagsmunum hafi ekki verið kallaðir að borðinu til að fá fram sem flest sjónarmið í samráðsferli. Hverjum sem þetta les má ljóst vera að yfirgnæfandi hluti þeirra sem kallaðir voru til fundar um málefnið til skrafs og ráðgerða eru félagar í skotveiðigeiranum þ.e. félagar í FLH – félagar í SKOTVÍS – félagar í SKAUST og að auki er fulltrúi útivistarsamtaka einnig boðaður til fundar með skotveiðimönnum þar sem fulltrúi þeirra samtaka virðist líka vera órjúfanlegur hluti af skotveiðigeiranum. Til mótvægis var haldinn sérstakur fundur með fulltrúa Náttúruverndarsamtaka Austurlands ásamt varafulltrúa umhverfis í svæðisráði. Hér er sem sagt náttúruverndin einvörðungu með einni málsvara /félagasamtaka við borð hagsmunasamtaka. Hvar ferðabjónustuaðilar og aðrir hagsmunaaðilar hafa verið þegar samráðsfundir voru haldnir getur undirritaður sér eðli máls ekki til um en sannarlega er á engan hátt hægt að segja að viðtækt samráð eða samtal hafi átt sér stað innan svæðisins.
54	AS4	Andrés Skúlason	Upp vakna spurningar um skyldur UST, sem er leiðbeinandi og þátttakandi í vinnu við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar VJÞ. UST ber skylda til að tryggja að S&V samræmist lögum og reglugerðum og hefði átt að laga regluverkið en ekki ófugt(laga S&V). Verið getur að vefjast fyrir UST að vera beggja begin borðs, þar sem kunnu að vera uppi ólík sjónarmið innan UST, amk hefur verndarþátturinn ekki fengið mikið vægi í þessum efnun.	VJÞ ber skv. lögum skylda að hafa samráð við UST við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar og hefur slíkt sannarlega verið gert í þessu tilfelli. Það er á ábyrgð stjórnar VJÞ að S&V samræmist lögum og reglugerðum VJÞ, en lögförleg staðfesting er að endingu á hendi ráðherra. Framsett tillaga gengur m.a. út á að fela UST, auk NÍ, það hlutverk að meta þörf á reglusetningu varðandi veiðar á svæðinu, á grundvelli villidýralaga.	Í III.kafla 12.gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð vakna spurningar um skyldur Umhverfisstofnunar sem að jöfnu er leiðbeinandi og þátttakandi í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Á Umhverfisstofnun hlýtur að ríkja sú skylda að sjá til þess að stjórnunar- og verndaráætlunir samræmist lögum og reglugerðum sem stýðja áætlanagerðina. Því hefði stofnunin átt að gripa til viðeigandi ráðstafana til að laga regluverkið að verndaráætluninni en ekki ófugt. Svo kann þó að vera að það kunni að vefjast fyrir Umhverfisstofnun að hafa hvorutveggja á höndum veiðistjórnunarþátt hreindýraveiða og eftirlitsskyldu og gæta um leið að fullnusta stjórnunar- og verndaráætlunum. Velja má því upp hversu Umhverfisstofnun er mikill greiði gerður að vera beggja vegna borðs um þessi mál þar sem kann að vera uppi ólík sjónarmið innan sviða stofnunarinnar, amk hefur verndarþátturinn ekki fengið mikið vægi í þessum efnun.

55	ASS	Andrés Skúlason Tilvitnun í minnisblað lögfræðings VJÞ um óheppilegt ósamræmi S&V og reglugerðar varðandi veiðibannsvæði og tilgreindir tvær mögulegar leiðir; að styrkja regluverk eða breyta S&V. Hvers vegna lætur svæðisráð ekki fremur reyna á breytingu á reglugerð í samhljómi við S&V.	Verði niðurstaða vöktunar sú að þörf sé á sérákvæðum um veiðar á svæðinu hafa hlutaðeigandi stofnanir (NI og UST) möguleika á að leggja slíkt til við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið þegar frekari upplýsingar liggja fyrir. Verður erindi sent á stofnanirnar á næstunni, þar sem þeim verður fallin sá þáttur málsins. Í anda meðalhófs er það tillaga VJÞ að velja fyrst vægari leiðir með mótvægisáðgerðum, sem þjóðgarðurinn telur góðar líkur á að skili ekki síður góðum árangri en fortakslaut bann við veiðum.	Um viðbrögð lögfræðings og svæðisráðs - Úr minnisblaði lögfræðings Vatnajökulsþjóðgarðs. „Veiðibannsvæðið við Snæfell er í dag, eins og áður, einungis afmarkað í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins en ekki í reglugerð um VJÞ sbr. myndir hér að framan. Þetta ósamræmi er afar óheppilegt og veldur óvissu og ágreiningi um lögmæti veiðibannsins og einnig um heimildir þjóðgarðsins til eftirlitsáðgerða. Óvissunni mætt eyða með breytingu á reglugerð um VJÞ og/eða stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.“ Hér kemst lögfræðingur vel að merkja að niðurstöðu um tvær leiðir til lausnar á málinu. En spyrja má því hvers vegna lætur svæðisráð þá ekki einmitt reyna fremur á breytingu á reglugerð í samhljómi við verndaráætlun og staðfesta um leið þann ríkjandi vilja meirihluta hagsmunaaðila sem var uppi sem stýður við núverand stjórnunar- og verndaráætlun í stað þess að fara gegn þjóðgarðinum og gríðlandinu sem ætti óumdeilanlega að standa svæðisráði næst.
56	AS6	Andrés Skúlason Hvoru megin hryggjar telur svæðisráð rauverulega að vafinn skuli liggja við umfjöllun og afgreiðslu þessa máls? Hvort vill svæðisráð að vafinn eigi að liggja hjá alþjóðlega mikilvægu verndarsvæði sbr. Ramsar og ótrúlega fjölbreyttu lífríki og gríðasvæði hreindýra og heiðagæsa – eða hjá sérhagsmunahópi sem hefur að öðru leyti nær því óhindraðan aðgang hálendi Austurlands fyrir ástundum við veiðar hreindýra. Tekið fram að ekki verði að kasta rýrð á þann ágæta hóp sem í flestum tilvikum kann og vill stunda ábyrgar veiðar en því miður á það bara alls ekki við um alla veiðimenn.	Vakin skal athygli á afmörkun gríðlands er að mjög litlum svæði innan Ramsar-svæðis. VJÞ telur að mótvægisáðgerðir sem ætluðar er að grípa til samhliða breytingunni séu þess eðlis að náttúrufari á svæðinu stafi ekki hættu af breytingunni. Heimildir eru hjá þjóðgarðinum að grípa til staðbundinna aðgerða ef aðstæður krefjast tímabundi, sbr. svar 6.	Í framhaldi er auðvitað eðlilegt að spyrja hvoru megin hryggjar telur svæðisráð rauverulega að vafinn skuli liggja við umfjöllun og afgreiðslu þessa máls. Hvort vill svæðisráð að vafinn eigi að liggja annarsvegar hjá alþjóðlega mikilvægu verndarsvæði sbr. Ramsar og ótrúlega fjölbreyttu lífríki og gríðasvæði hreindýra og heiðagæsa – eða hjá sérhagsmunahópi sem hefur að öðru leyti nær því óhindraðan aðgang hálendi Austurlands fyrir ástundum við veiðar hreindýra. Hér er alls ekki verið að kasta rýrð á þann ágæta hóp sem í flestum tilvikum kann og vill stunda ábyrgar veiðar en því miður á það bara alls ekki við um alla veiðimenn.
57		Andrés Skúlason "Getur það talist hófstíllt framkoma af hálfu háværs hóps innan skotveiðimanna að setja mál þannig fram að ef svæðisráð gangi ekki þeirra erinda umorðalaust þá sé það beinlínis árás á viðkomandi hóp veiðimanna sem sækir þetta mál. Umræðan hefur verið óþroskuð í þessum efnun svo vægt sé til orða tekið og alls ekki til þess fallin að auka hróður þjóðgarðsins og það er miður fyrir alla þá sem vilja vinna að framgangi mála að heilindum innan þjóðgarðsins með faglegum hætti. En ef það á rauverulega að vera þannig að einum ágengnum hagsmunahópi skuli engin takmörk sett þá er það auðvitað sjálfstætt rannsóknarefni innan stjórnar þjóðgarðsins að taka á því enda má hverjum vera ljóst að hvorki svæðisráð eða starfsfólk þjóðgarðsins getur setið gengdarlaust undir hótunum um kærur."	VJÞ er skylt að hlusta eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila en kröfur þeirra ráða ekki niðurstöðu mála heldur eru ákvarðanir byggðar á ítarlegri gagnaoðflun, faglegu mati og þeim lögum og reglum sem um viðfangsefnið gilda.	Getur það talist hófstíllt framkoma af hálfu háværs hóps innan skotveiðimanna að setja mál þannig fram að ef svæðisráð gangi ekki þeirra erinda umorðalaust þá sé það beinlínis árás á viðkomandi hóp veiðimanna sem sækir þetta mál. Umræðan hefur verið óþroskuð í þessum efnun svo vægt sé til orða tekið og alls ekki til þess fallin að auka hróður þjóðgarðsins og það er miður fyrir alla þá sem vilja vinna að framgangi mála að heilindum innan þjóðgarðsins með faglegum hætti. En ef það á rauverulega að vera þannig að einum ágengnum hagsmunahópi skuli engin takmörk sett þá er það auðvitað sjálfstætt rannsóknarefni innan stjórnar þjóðgarðsins að taka á því enda má hverjum vera ljóst að hvorki svæðisráð eða starfsfólk þjóðgarðsins getur setið gengdarlaust undir hótunum um kærur.
58	AS7	Andrés Skúlason Svæðisráð ætti með aðkomu UST til leiðbeiningar að vinna að breytingum á lögum og eða regluverki þjóðgarðsins með áframhaldandi tryggð við gríðlandið. Það er engin að falla í tíma í þessu máli og sömuleiðis væri nær fyrir UST að draga úr veiðikvóta hreindýra á veiðisvæði 2 í ljósi álags á hreindýrastofninn sbr. umsögn NA.	Sjá fyrri svör, t.d. 24, 33 og 23.	Allt eru þetta hinsvegar manna verk og regluverkið sannarlega líka sem hægt er að laga án gifurýrða og hótana um kærur og málsókn og svæðisráð ætti því með aðkomu Umhverfisstofnunar til leiðbeiningar að vinna að breytingum á lögum og eða regluverki þjóðgarðsins með áframhaldandi tryggð við gríðlandið. Það er engin að falla í tíma í þessu máli og sömuleiðis væri nær fyrir Umhverfisstofnun að draga úr veiðikvóta hreindýra á veiðisvæði 2 í ljósi álags á hreindýrastofninn sbr. umsögn NA.
59	AS8	Andrés Skúlason Það að afnema verndarskilmála sem settir hafa verið fram með mjög hófstílltum hætti innan garðsins hlýtur að teljast fáheyrð eigi að brjóta þá niður af svæðisráði og stjórn þjóðgarðsins sjálfs vegna óhóflægs þrýstings frá einum afmörkuðum hagsmunahópi.	VJÞ er friðlýstur með reglugerð og koma skilmálar friðlýsingarinnar fram í reglugerðinni. Á umræddu svæði er hefðbundin landnýting heimil samkvæmt ákvæðum hennar. Ekki er því verið að afnema verndarskilmála heldur breyta ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar þannig að samræmi sé milli hennar og reglugerðar þjóðgarðsins. Um þrýsting frá hagsmunaaðilum, sjá fyrri svör.	Þróun þjóðgarða tekur að jafnaði töluvert langan tíma. Það að afnema verndarskilmála sem settir hafa verið fram með mjög hófstílltum hætti innan garðsins hlýtur að teljast fáheyrð eigi að brjóta þá niður af svæðisráði og stjórn þjóðgarðsins sjálfs vegna óhóflægs þrýstings frá einum afmörkuðum hagsmunahópi.

60 AS9	<p>Andrés Skúlason</p>	<p>Glufa í reglugerð var nýtt til að drepa niður þann samnarlega vilja sem var til staðar við setningu ákvæða um gríðland. Svæðisráð hlýtur að þurfa að spyrja sig, vegna trúverðugleika, ímyndar og hollustu við þjóðgarðinn sjálfan: „Hver á sérstaða þessa hluta þjóðgarðsins raunverulega að vera til lengri tíma ef náttúran sjálf má ekki lengur njóta vafans“ Hver er hin raunverulega framtíðarsýn svæðisráðs á þennan hluta þjóðgarðsins? Það er vægt til orða tekið að nú þegar hefur mannskepnan með öllum sínum ruðningsáhrifum sótt gríðarlega að þessu svæði með margskonar grófgerðum risamannvirkjum, virkjnum, vegum og öðru umhverfisraski sem haft hefur mikil og heildstæð áhrif á bæði landslangsheldir og ekki síður lífríki. Snæfell og nágrenni eru raunverulega umkringd stórvirkjunum en aðeins fjallið sjálft og jaðar þess hafa aðeins fengið örliðið gríðasvæði sé horft til heildaráhrifa.</p>	<p>Endurskoðun ákvæða um gríðlandið, líkt og lagt var upp með þegar ákvæði voru sett 2011, varpaði ljósi á ósamræmi milli gildandi reglugerðar um VJP og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Leiði niðurstöður vöktunar í ljós þörf á frekari ákvæðum varðandi umferð, liggur fyrir áætlun um að þau verði sett í Stjórnunar- og verndaráætlun. Ennfremur verður þeim stofnunum sem fara með málefni um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum gerð grein fyrir niðurfelingu veiðiákvæða, með það fyrir augum að þær geti metið hvort þörf sé á setningu nýrra sérákvæða á grundvelli villidýralaga nr. 61/1994. Sjá einnig svar um friðlysingarskilmála, 59.</p>	<p>Það að leita landi ljósi uppi glufu í reglugerð til að reyna drepa niður þann sannarlega vilja sem var til staðar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um gríðlandið er dapurlega en orð fá lýst. Svæðisráð hlýtur því að þurfa að spyrja sig á þessum tímamarki þó ekki sé nema vegna, trúverðugleika, ímyndar og hollustu við þjóðgarðinn sjálfan „Hver á sérstaða þessa hluta þjóðgarðsins raunverulega að vera til lengri tíma ef náttúran sjálf má ekki lengur njóta vafans“ Hver er hin raunverulega framtíðarsýn svæðisráðs á þennan hluta þjóðgarðsins. ? Það er vægt til orða tekið að nú þegar hefur mannskepnan með öllum sínum ruðningsáhrifum sótt gríðarlega að þessu svæði með margskonar grófgerðum risamannvirkjum, virkjnum, vegum og öðru umhverfisraski sem haft hefur mikil og heildstæð áhrif á bæði landslangsheldir og sem og ekki síður lífríki. Snæfell og nágrenni eru raunverulega umkringd stórvirkjunum en aðeins fjallið sjálft og jaðar þess hafa aðeins fengið örliðið gríðasvæði sé horft til heildaráhrifa.</p>
AS1 61 0	<p>Andrés Skúlason</p>	<p>Vitnað til undanþáguheimilda hreindýraleiðsögumanna til utanvegaaksturs en endurtekinn ummerkja um skemmdir þess vegna og brota á reglum, en áréttað að meginþorri veiðimanna kunni að haga sér. Breytingatillagan hafi verið sett fram undir óhóflægum þrýstingi. Með vinsemi og virðingu höfðað til aðalfulltrúa í svæðisráði, sem þurfa að spyrja sig hvort náttúran eigi að njóta vafans, eða mögulega óafturkræf ákvörðun á kostnað náttúrunnar til að þóknast afmörkuðum þrýstihópi.</p>	<p>VJP er skylt að hlusta eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila en kröfur þeirra ráða ekki niðurstöðu mála heldur eru ákvarðanir byggðar á ítarlegri gagnöflun, faglegu mati og þeim lögum og reglum sem um viðfangsefnið gilda. Áréttað skal að vel var gætt að hæfi þeirra sem að ákvörðuninni komu. Hlutverk leiðsögumanna er m.a. að sjá til þess að leiðsögumaður fari rétt að við veiðarnar og að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Eðlilegt er að gott samráð sé milli VJP og leiðsögumanna sem hafa slíkur lögbundnum skyldum að gegna og með réttu hægt að ætlast til þess að leiðsögumenn standi undir lögbundnu hlutverki sínu og gæti itrustu varúðar ef undanþáguheimild til að sækja bráð á sexhjóli er nýtt. VJP er meðvitaður um hættu á undantekningum við góða umgengni, en með fjölbættum undirbúningi umgjörðar breytinganna, viljayfyrirsingu og samtölum við hagsmunaaðila, vísindasamfélag, stofnanir og löggæsluyfirvöld svo og reynslu af úrvinnslu frávíka varðandi brot á umgengnisreglum, telur VJP sig fyllilega í stakk búinn til að mæta frávikum af festu ef til kemur. Að auki leggur þjóðgarðurinn til að inn í vöktunaráætlun verði bætt að skoðað verði sérstaklega hvort setja eigi umræddri undanþáguheimild þrengri skorður á viðkvæmum svæðum innan þjóðgarðsins. Slíkt mætti skoða í samráði við UST, NÍ og mögulega fleiri, svo og ráðuneyti. Í þeirri athugun má byggja á gögnum sem fást úr vöktun af hálfu þjóðgarðsins strax sumarið 2022.</p>	<p>Fyrir liggur að amk afmarkaður hópur veiðimanna sem mikinn hafa farið gegn gríðlandi þjóðgarðsins, hafa nú þegar sérstakar heimildir í reglugerð umfram alla aðra sem útivist stunda. Leiðsögumenn með hreindýraveiðum hafa sem þekkt er heimild til að aka utanvega, en aldrei þó þannig að valdi skemmdum á landi eða náttúruspjöllum auk annarra lágmarkskaða um þetta gildir. <>[Tilvitnun í umrædda undanþáguheimild reglugerð 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands]. <> Hætt er við að viðkomandi þessum ásælna hópi þætti kannski miður ef farið yrði fram með kröfur um afnám reglugerðar um utanvegaakstur leiðsögumanna með hreindýraveiðum einfaldlega í ljósi endurtekinn ummerkja og brota á þeim reglum sem þeim hafa verið settar, þótt meginþorri veiðimanna kunni að haga sér og það skal tekið sérstaklega fram svo engin misskilji hér texta. Það er hinsvegar með öllu útilokað að mati undirritaðs fyrir svæðisráð að láta undan óhóflægum þrýstingi í ljósi þess sem hér hefur verið dregið fram og þá er nú bara fátt eitt nefnt. Undir þessum staðreyndum skal því hér í fullri vinsemi og með virðingu reynt að höfða til aðalfulltrúa í svæðisráði sem hljóta að verða að spyrja sig enn og aftur – hvort náttúran eigi að njóta vafans, eða mögulega óafturkræf ákvörðun á kostnað náttúrunnar til að þóknast afmörkuðum þrýstihópi sem getur ekki verið hlutverk svæðisráðs að þjónka sérstaklega á kostnað annarra hagsmunaaðila og síðast en ekki síst á kostnað náttúru og umhverfis.</p>

AS1 62 1	Andrés Skúlason	Vitnað til fyrri umsagnar NÍ um fulla ástæðu til að viðhalda stöðu gríðlandsins svo og það að setja sérreglur um Ramsar-svæði. Fyrirliggjandi tillaga um afnám gríðlands gengur þvert á markmið Stjórnunar- og verndaráætlunar VJÞ að allir eigi að fá að njóta og upplifa með sanngjörnum skilmálum og umferðarstýringu með tryggu og öruggu aðgengi sem varna á árekstrum milli ólíkra hagsmunahópa. Takmörkuð trú á áformum VJÞ um ábyrga vöktun og eftirlit.	Framlögð tillaga byggir auk fyrri umsagnar NÍ á samtölum og umræddum umsögnum annarra ráðgefandi aðila, auk hagsmunaaðila. Lagaleg staða sérákvæða stjórnunar og verndaráætlunar um veiðar er rakin í minnisblaði lögfræðings VJÞ. Þar kemur fram að svæðið sé í reglugerð um VJÞ friðlýst með þeim hætti að þar sé hefðbundin landnýting heimil. Jafnframt segir að æskilegt sé, ef þörf er talin á setningu sérstakra reglna um veiðar innan þjóðgarðs, að slík sérákvæði sækji sér lagastoð til villidýralaga. Setning slíkra reglugerða er í höndum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að fenginni tillögu NÍ og UST. VJÞ mun senda þessum stofnunum erindi vegna áformaðra breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins um veiðar og fela þeim þann hluta málsins til umfjöllunar og afgreiðslu, sbr. 3. mgr. 3. villidýralaga. VJÞ telur að mótvægisáðgerðir sem ætlunin er að grípa til samhliða breytingunni séu þess eðlis að náttúrufari á svæðinu stafi ekki hætta af breytingunni á vöktunartíma. Heimildir eru hjá þjóðgarðinum að grípa til staðbundinna áðgerða ef áðstæður krefjast tímabundið. Sjá einnig svör 6 og 61.	Viðbrögð svæðisráðs og lögfr.við umsögnum. Tilvitn. í minnisblaði lögfræðings „Ráða má af umsögnum NÍ,UST,NA og hreindýraráðs að málið þarfnast frekari gagnaöflunar og úrvinnslu. Aðeinhverju leyti virðast þær forsendur og rök sem upphaflega lágu að baki ákvæðunum vera breytt en einnig þarf að skoða hvort og þá hvernig breyta þarf reglum á svæðinu miðað við reynslu síðustu ára og til að tryggja fullnægjandi eftirfylgni og eftirlitsheimildir.“ Hér má spyrja hversvegna ekki er skautað svo á milli lína – hvers vegna eru ekki bara dregin fram meginatriði í umsögn NÍ þar sem eindregið er mælt með að viðhalda stöðu gríðlandsins í núverandi stjórnar- og verndaráætlun. sbr. Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar Íslands „Náttúrufræðistofnun Íslands telur fulla ástæðu til að viðhalda gríðlandi við Snæfell og á Eyjabökkum. Innan friðlýsts svæðis á borð við Vatnajökulsþjóðgarð er ekkert óeðlilegt við það að hafa sértaekar reglur á tilteknum svæðum, einkum er varða atriði eins og veiðar á villtum dýrum sem augljóslega fela í sér neikvæðar áfleiðingar fyrir fjölda einstaklinga veiðidýra en einnig ýmis konar truflun fyrir einstaklinga sömu tegundar sem ekki eru veiddir sem og fyrir aðrar dýrategundir og einnig aukna hættu á raski á gróðri og jarðminjum. Þá er full ástæða til að setja sérreglur um svæði sem er skilgreint Ramsar-svæði miðað við markmið og kröfur samningsins.“ Hvernig hægt er að lesa niðurstöðu umsagnar NÍ með öðrum hætti og skrifað er með sannarlegum hætti er undirrituðum hulin ráðgáta. Endurtekið ef þarf !!! - NÍ leggst alfarið gegn afnámi veiðibanns í gríðlandinu. Hversu mikið er svæðisráði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs umhugað að vinna með sín helstu grundvallargildi byggja skal einmitt á áliti sérfræðinga. ? Það að ástæða þyki að fram fari enn frekari rannsóknir innan svæðisins hefur nákvæmlega ekkert með það að gera að NÍ telji að veita eigi einhvern afslátt af verndarskilmálum á svæðinu og hvað þá að afnema skuli veiðibann heldur einmitt ófugt leggst NÍ alfarið gegn afnámi veiðibanns. Auk þessa munu nánari rannsóknir af hálfu NÍ og NA án vafa leiða í ljós að enn ríkari ástæðu að halda sig við amk núverandi veiðibann og gríðland og umferð innan svæðis og jafnvel þá enn frekar að það gríðlandið yrði stækkað frekar en hitt. Það halda auðvitað engin rök í þessu máli sem styðja þá leið sem svæðisráð hefur lagt til með tillögu að breytingu á þessari stjórnunar – og verndaráætlun. Við erum að ávarpa þjóðgarð í almannaeigu þar sem allir eiga að fá að njóta og upplifa með sanngjörnum skilmálum og umferðarstýringu með tryggu og öruggu aðgengi sem varna á einmitt einnig að ekki komi til árrekstra milli ólíkra hagsmunahópa. Núverandi stjórnunar- og verndaráætlun er einmitt ætlað að tryggja þetta samspil og eins góða sátt og hægt er – fyrirbyggjandi tillaga gengur þvert á þau markmið og er þá undirritaður búin að kynna sér meint áform um ábyrga vöktun og eftirlit. Fyrir liggur að FLH hefur enga lögsögu yfir hreindýraveiðimönnum og því hefur viljayfirlýsing meðfylgjandi kynningartillögu enga merkingu þegar engin ábyrgð er til staðar ef eitthvað mun bera út af.
AS1 63 2	Andrés Skúlason	Það er von undirritaðs að svæðisráð og síðast en ekki síst stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs horfi til þess hvað skuli njóta vafans innan þjóðgarðsmarka þegar svo brýtur á málum.	Markmið VJÞ sbr. 2.gr. laga 60/2007 endurspeglast í samspili verndunar, aðgengis ólíkra útivistarhópa, rannsókna og fræðslu, atvinnustarfsemi og sjálfbærrar nýtingar. Fyrir liggur að verndunarþátturinn er grunnforsenda alls annars. Útgangspunktur nýtingarmarkmiðanna sem á eftir koma er sjálfbærni. Til að ná því markmiði geta verið fleiri leiðir en fortakslaust bann við tiltekinni gerð umferðar. Að mati VJÞ eru þær mótvægisáðgerðir sem ætlunin er að grípa til ásamt núverandi valdheimildum þjóðgarðsvarða, þess eðlis að náttúrunni stafi ekki hætta af breytingunni umfram það sem áður var.	Hér hefur verið farið nokkrum almennum orðum um efnid og er það von undirritaðs að svæðisráð og síðast en ekki síst stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs horfi til þess hvað skuli njóta vafans innan þjóðgarðsmarka þegar svo brýtur á málum.
64 BH	Benedikt Haraldsson	Hvatning til samþykktar framlagðra breytinga.	Móttekið.	Um að gera að samþykkja þessar breytingar.
65 VA	Valdimar Aðalsteinsson	Breytingatillögunni fagnað og vonir bundnar við samráð um ásteytingarsteina í framtíðinni.	Móttekið.	Ég fagna þessari tillögu og styð hana af heilum hug. Vonandi verður samráð haft um fleiri ásteytingarsteina í náinni framtíð.